



# Þjóðhagsspá 2019-2021

júní 2019



## Lægð í lofti

Helstu niðurstöður Egðhagsspár



Samdráttarskeið hafið í hagkerfinu. **0,7% samdráttur VLF í ár, en 1,5% vöxtur árið 2020.**



Högg á útflutning vegna verulegs samdráttar í ferðapjónustu og loðnubrests. **Útflutningur minnkar um 5,4% í ár og stendur nánast í stað árið 2020.**



Viðskiptaafgangur hverfur á spátímanum. **1,5% af VLF í ár en 0,2% af VLF árið 2021.**



Verðbólga sjatnar á komandi fjórðungum **3,2% á þessu ári en 2,9% í lok spátímans.**



Hægir tímabundið á vexti kaupmáttar launa. **1,7% í ár og 2,3% á næsta ári.**



Atvinnuleysi eykst á komandi misserum. **3,6% í ár og 3,9% á árinu 2020.**



# Samdráttarskeið eftir langa uppsveiflu

Viðsnúningur í ferðapjónustu kallar fram samdrátt á yfirstandandi ári


Núverandi áratugur hefur að mestu verið uppgangstími í íslensku hagkerfi. Árin 2013–2018 var hagvöxtur að jafnaði 4,5% ár hvert. Uppgangur ferðapjónustunnar á hér drjúgan hluta að máli ásamt fleiri hagfelldum þáttum sem ýtt hafa undir myndarlegan vöxt einkaneyslu og fjárfestingar. Færðist vaxtarbroddurinn því frá útflutningi til innlestrar eftirspurnar eftir því sem leið á vaxtarskeiðið.

Tölur fyrir fyrsta fjórðung ársins 2019 bera skýrt með sér að hagkerfið er að kólna. Hagvöxtur mældist 1,7% á 1F. Í lok fjórðungsins fór WOW air í þrot og marka mánaðamót mars og apríl því skörp skil í efnahagsþróuninni.

Útlit er fyrir 0,7% samdrátt VLF á árinu 2019. Verður árið þá fyrsta samdráttárið frá árinu 2010. Snarpur samdráttur í útflutningi á stærsta þáttinn í efnahagssamdrætti í ár en einnig mun fjárfesting atvinnuvega skreppa talsvert saman. Þá verður einkaneysluvöxtur hægur. Á móti vegur að innflutningur mun væntanlega einnig minnka talsvert milli ára.

Á næsta ári gerum við ráð fyrir fremur hægum hagvexti, eða 1,5%, drifnum af einkaneyslu og fjárfestingu í íbúðarhúsnæði og innviðum. Meiri kraftur færist svo í vöxtinn árið 2021 að mati okkar en þá spáum við 2,7% vexti eftir því sem meiri þróttur færist í fjárfestingu atvinnuvega og útflutning á nýjan leik.

## Verg landsframleiðsla og framlag undirliða Magnbreyting frá fyrra ári (%)





# Talsverður samdráttur í ferðapjónustu

Helsti vaxtarmótor áratugarins tekur krappa dýfu

Eftir afar myndarlegan vöxt ferðapjónustu megnið af áratugnum er hafinn samdráttur í greininni. Á fyrsta fjórðungi yfirstandandi árs fækkaði ferðamönnum sem sóttu Ísland heim um nærri 5% frá sama fjórðungi í fyrra.


Samdrátturinn mun þó reynast mun skarpari eftir því sem líður á árið. Í kjölfar falls WOW air í lok mars fækkaði ferðamönnum um nærri fimmtungu í apríl frá sama mánuði árið 2018. Útlit er fyrir að á árinu í heild muni ferðamönnum fækka um á annan tug prósentu frá árinu 2018.

Minnkandi framboð flugsæta til og frá landinu á stóran þátt í þessari þróun. Til viðbótar við fall WOW hafa vandræði Icelandair vegna MAX-flugvéla sinna reynst langvinnari en vonir stóðu til. Þá hafa ýmis erlend flugfélög tilkynnt um minnkandi framboð flugsæta á komandi hausti.

Samkvæmt sumaráætlun Isavia dregst framboð flugsæta saman um 28% á tímabilinu apríl–október frá sama tíma í fyrra.

Veruleg óvissa er um þróunina í kjölfarið. Við gerum þó ráð fyrir að svo lengi sem spurn eftir Íslandsferðum gefur ekki verulega eftir verði framboðið á endanum aukið að nýju. Það gæti þó dregist talsvert fram á næsta ár.

## Þjónustuútflytningur og hagvísar úr ferðapjónustu % breyting milli ára



Apríl 2019:  
18,5% fækkun erlendra ferðamanna milli ára



# Samdráttur utanríkisviðskipta í kortunum

Útlit fyrir hóflegan útflutningsvöxt á seinni hluta spátímans eftir samdrátt í ár

Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum var myndarlegur á fyrsta fjórðungi ársins þrátt fyrir talsverða fækkun ferðamanna hingað til lands á milli ára þar sem hver ferðamaður eyddi fleiri krónum að jafnaði auk þess sem flugvélasala og minni leigukostnaður hjálpaði til. Afgangurinn nam alls 33 m.ö.kr.

Það er þó útlit fyrir að bæði innflutningur og útflutningur dragist töluvert saman á þessu ári. Á innflutningshlið stavar samdrátturinn bæði af minni innflutningi fjárfestingar- og rekstrarvara og einnig af minni útgjöldum vegna rekstrarleigu flugvéla og annars þjónustuinnflutnings.


Á útflutningshlið skreppur þjónustu-útflutningur saman um 10% í ár samkvæmt spá okkar en vöruútflutningur stendur nánast í stað þar sem aukinn útflutningur iðnaðarvara og sala á þotum WOW vegur gegn samdrætti í útflutningi sjávarafurða vegna loðnubrests.

Horfur eru á að bæði útflutningur og innflutningur takið við sér að nýju á næsta ári. Batinn í útflutningi verður þó hægur framan af þar sem við gerum ekki ráð fyrir umtalsverðri fjölgun ferðamanna. Hins vegar áætluð við að fjölgun ferðamanna muni nema u.þ.b. 4% á árinu 2021.

Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar er neikvætt í spá okkar allan spátímann.


## Innflutningur og framlag helstu undirliða

%



## Útflutningur og framlag helstu undirliða

%





# Viðskiptaafgangur hverfur á spátímanum

## Utanríkisviðskipti á leið í jafnvægi eftir sveiflutíma


Viðskiptajöfnuður hefur verið hagstæðari síðustu ár en áður hefur gerst á lýðveldistímanum. Sú þróun er enn merkilegri þegar haft er í huga að hagvöxtur hefur lengst af verið myndarlegur og raungengi hefur verið tiltölulega hátt undanfarin ár. Góðar líkur eru á að samspil þessara stærða verði áfram hagfelldara en raunin var fram á þennan áratug.

Horfur um viðskiptajöfnuð hafa þó versnað nokkuð frá janúarspá okkar. Skýrist það að verulegu leyti af verri horfum um þróun þjónustujafnaðar en áður í ljósi mótbysrs í ferðaþjónustunni.


Við spáum því að viðskiptaafgangur muni nema 1,5% af VLF í ár en að utanríkisviðskipti muni nokkurn veginn vera í jafnvægi árin 2020 og 2021.

Hrein erlend staða þjóðarbúsins mun því áfram verða jákvæð en erlendar eignir umfram skuldir námu ríflega 1/5 af VLF í lok mars sl. Jákvæð erlend staða þjóðarbúsins stuðlar að hærra jafnvægisraungengi en ella væri þar sem fjármagnstekjur erlendis frá ættu að jafnaði að vera heldur meiri en fjármagnsgjöld.

### Viðskiptajöfnuður % af VLF\*



### Viðskiptajöfnuður og hagvöxtur





# Fjárfesting skreppur saman á árinu 2019

## Íbúðafjárfesting og fjárfesting opinberra aðila vex allan spátímann


Fjárfestingarstigið í íslensku hagkerfi hefur hækkað jafnt og þétt frá fyrri hluta þessa áratugar. Þessi þróun var að miklu leyti knúin af verulegum vexti í atvinnuvegafjárfestingu. Nam fjárfesting ríflega 22% af VLF á árinu 2018, en þetta hlutfall fór lægst í rúm 14% árið 2010.

Síðustu árin hefur vaxtarbroddurinn í fjárfestingu hins vegar færst yfir í íbúðafjárfestingu og fjárfestingu hins opinbera. Á síðasta ári jókst fjárfesting um 2,1% frá árinu á undan þrátt fyrir samdrátt í fjárfestingu atvinnuvega þar sem myndarlegur vöxtur íbúðafjárfestingar og fjárfestingar hins opinbera vó þyngra á metum.


Við teljum að fjárfesting muni skreppa saman um tæplega 5% í ár. Ræður þar mestu 12% samdráttur í fjárfestingu atvinnuvega, ekki síst tengt minni fjárfestingu í farartækjum og hótelum. Á móti mun íbúðafjárfesting væntanlega vaxa verulega í ár. Næstu tvö ár eru svo horfur á hóflegum vexti allra helstu flokka fjárfestingar og spáum við 3,6% vexti fjárfestingar árið 2020 og 4,6% vexti árið 2021.

Fjárfestingarstigið í hagkerfinu mun nema ríflega fimmtungi af landsframleiðslu öll ár spátímans og verður fjárfesting í heild því allmyndarleg þrátt fyrir samdrátt í atvinnuvegafjárfestingunni í ár.

### Fjárfesting % af VLF



### Fjárfesting, raunbreyting og framlag helstu undirliða %





# Lítill hækkun á raunverði íbúða á spátímanum

... er íbúðamarkaður að nálgast jafnvægi?


Myndarlegur vöxtur íbúðafjárfestingar undanfarin misseri er kærkomin þróun þar sem íbúðamarkaður hafði til skamms tíma litast af mikilli eftirspurn og framboðsskort. Á árinu 2017 hækkaði raunverð íbúðarhúsnæðis margfalt hraðar en kaupmáttur launa en til lengri tíma er vöxtur þessara stærða að jafnaði svipaður.

Framboð íbúða hefur aukist jafnt og þétt og á móti hefur dregið talsvert úr eftirspurn. Samræmi milli raunverðs íbúða og kaupmáttar launa hefur því verið mun betra upp á síðkastið. Áfram eru horfur á vaxandi framboði nýrra íbúða sem mun að okkar mati draga úr raunverðshækkunum á næstu misserum.


Íbúðaverð hækkaði um 5,2% að raunvirði árið 2018 frá árinu á undan. Við spáum því að á þessu ári hækki raunverð íbúða einungis um 0,3% umfram almennt verðlag og á árunum 2020 og 2021 standi raunverð íbúða nánast í stað.

Hægari kaupmáttaraukning, aukið atvinnuleysi, minni fólksfjöldgun og áframhaldandi aukning á framboði nýrra íbúða eru meðal helstu skýringa á hægari hækkun íbúðaverðs. Má segja að þróunin muni endurspeglja betra jafnvægi og meiri ró á íbúðamarkaði en hefur verið á síðustu árum.

## Raunverð íbúða og kaupmáttur launa Breyting milli ára, %



## Fjárfesting í íbúðarhúsnæði og raunverð íbúða Ma.kr. (v.ás) og vísitala (h.ás)







# Kaupmáttaraukning hófleg og væntingar heimila lækka

..sem bendir til hægari einkaneysluvaxtar á komandi fjórðungum


Einkaneysluvöxtur hefur verið hraður undanfarin ár. Helstu ástæður þess eru að kaupmáttur launa hefur vaxið hratt, atvinnuástand verið gott, fólksfjölgun umtalsverð og neytendur almennt verið bjartsýnir. Öfugt við síðustu uppsveiflu hafa neyslulán heimila hins vegar ekki vaxið umtalsvert á tímabilinu og sparnaður verið myndarlegur.

Síðustu misseri hefur hins vegar hægt nokkuð á vexti einkaneyslu eftir því sem bjartsýni neytenda hefur minnkað og hægt hefur á vexti kaupmáttar. Vöxtur einkaneyslu á 1F 2019, 2,8%, var sá hægasti í nærri fimm ár.

Þróun helstu hagvísna bendir til þess að hægja muni enn frekar á vexti einkaneyslunnar á komandi fjórðungum. Má sjá að heimilin eru þegar farin að halda að sér höndum. Bæði hefur hægt á vexti kaupmáttar og kortaveltu ásamt því að væntingar heimila hafa lækkað umtalsvert.

Miðað við þróun helstu hagvísna er því útlit fyrir að vöxtur einkaneyslu muni reynast lítill á komandi fjórðungum.

## Einkaneysla og tengdir hagvísar % breyting milli ára (v.ás) og vísitala (h.ás)



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands og Capacent Gallup

Heimild: Hagstofa Íslands, Gallup, Seðlabanki Íslands og Greining Íslandsbanka



# Hægir á einkaneyslu eftir mikinn vöxt

..sem mun hafa talsverð áhrif á hagvöxt


Mikill gangur hefur verið á íslenskum vinnumarkaði undanfarin ár, hækkun launa hefur verið hröð og atvinnuleysishlutfall lækkað jafnt og þétt. Þenslan á vinnumarkaði náði hámarki 2016–2017, á fyrrnefnda árinu hækkaði launavísitalan um 9,1% en á því síðari náði atvinnuleysi lágmarki í 2,8%.

Nú má sjá þess skýr merki að hjöðnun á vinnumarkaði er hafin. Atvinnuleysi tók kipp upp á við í kjölfar falls WOW air og útlit er fyrir að það muni halda áfram að aukast á næstu misserum. Fer atvinnuleysi hæst í um 4% á næsta ári samkvæmt spá okkar. Þá gerum við ráð fyrir því að kaupmáttarvöxtur verði talsvert hægari en verið hefur.


Þróun á einkaneyslu skiptir gríðarlegu miklu máli fyrir hagvöxt hér á landi. Síðustu ár hefur einkaneysla skýrt um helming af landsframleiðslunni.

Eftir kröftugan einkaneysluvöxt síðustu ár er útlit fyrir að hægari vöxtur sé fram undan. Við áætluðum að vöxturinn verði 2,2% á þessu ári, 2,3% árið 2020 og 2,8% árið 2021

## Atvinnuleysi sem hlutfall af vinnuafl og launavísitala %



## Kaupmáttur og einkaneysla % breyting milli ára





# Útlit fyrir allhátt raungengi út spátímamann

## Áframhaldandi þrýstingur á samkeppnishæfni útflutningsgreina

Eftir gengislækkun krónu um 9% á seinni helmingi síðasta árs hefur gengi krónu verið tiltölulega stöðugt það sem af er árinu 2019.


Raungengi krónu er nú mun nær jafnvægi en það var árin 2017–2018. Raungengið er þó fremur hátt í samanburði við síðustu áratugi.

Það eru ýmis rök að okkar mati fyrir fremur háu raungengi krónu um þessar mundir. Hrein eignastaða hagkerfisins er betri en hún hefur verið áratugum saman. Í lok 1F 2019 námu erlendar eignir umfram skuldir ríflega 1/5 af VLF. Seðlabankinn hefur einnig úr myndarlegum gjaldeyrisforða að spila til að afstýra gengishruni vegna tímabundins fjármagnsflóttu. Ekki er heldur útlit fyrir umtalsverðan viðskiptahalla á næstu árum.


Stoðir hagkerfisins eru í flestum skilningi traustar og horfur eru um ágætan vöxt til lengri tíma. Því ætti áhugi erlendra fjárfesta á Íslandi að vera nægur til að veða upp það útlæði sem verður vegna vilja lífeyrissjóðanna til að fjárfesta út fyrir landsteinana og ekki verður fjármagnað með viðskiptaafgangi.

Allt þetta ætti að veða til tiltölulega hás raungengis út spátímamann. Verulegar verðlags- og launahækkunir hér á landi umfram nágrannalönd myndu hins vegar auka þrýsting á nafngengið til lækkunar þar sem þær leiða til samsvarandi hækkunar á raungengi að öðru óbreyttu.

### Gengisvísitala, gildi og flökt



### Raungengi íslensku krónunnar Vísitala





# Hefur verðbólga náð hámarki í bili?

## Verðbólguþrýstingur þokast frá húsnæði til innflutnings og launakostnaðar

Verðbólga hefur undanfarið nálgast jafnt og þétt efri þolmörk verðbólguþrýstings Seðlabankans. Yfir árið 2018 var verðbólga 3,7% og hefur ekki mælst meiri í fimm ár.


Breyting hefur orðið á samsetningu verðbólgunnar. Dregið hefur úr hækkunarþrýstingi frá íbúðaverði á VNV en á sama tíma skýra innfluttar vörur stærri hluta verðbólguþrýstingsins í kjölfar veikingar krónu. Um þessar mundir skýra húsnæðisliður, aðrir innlendir liðir og innflutt verðbólga hvert um sig um það bil 1/3 verðbólgunnar.

Í maí mældist verðbólga 3,6%. Það gæti verið hámark verðbólgunnar í bili því útlit er fyrir að verðbólga muni hjaðna nokkuð á seinni helmingi þessa árs. Við spáum því að verðbólga mælist 2,8% í árslok 2019 og verði einnig að jafnaði 2,8% næstu tvö ár þar á eftir. Samkvæmt því verður verðbólguþrýstingur Seðlabankans í sjónmáli í lok þessa árs og út spátímann.

Til grundvallar liggja forsendur um tiltölulega hóflega hækkun launa og nær óbreytt raunverð húsnæðis þegar fram í sækir ásamt forsendum um lítið breytt gengi krónu. Auk þess eru þeir kjarasamningar sem enn á eftir að ljúka óvissuþáttur. Ef laun hækka meira en spá okkar kveður á um getur það leitt til meiri verðbólguþrýstings þegar frá líður. Sama má segja um áhrif veikingar krónu.


### Verðbólga eftir uppruna

%



### Verðbólga og verðbólguþrýstingur Seðlabankans

%





# Frekari lækkun stýrivaxta framundan

## Langtímavextir líklega lágir út spátímann

Peningastefnunefnd Seðlabankans tilkynnti 22. maí að stýrivextir bankans yrðu lækkaðir um 0,5 prósentur í því skyni að bregðast við umtalsvert lakari efnahagshorfum á sama tíma og verðbólguhorfur hefðu batnað nokkuð.


Meginvextir bankans, vextir á 7 daga innlánum, eru nú 4,0%. Hafa þeir vextir aldrei verið lægri og vextirnir sem áður var miðað við sem meginvexti hafa heldur ekki verið lægri frá árinu 2012.

Líklegt er að fleiri vaxtalækkunarskref verði stigin á komandi mánuðum. Við gerum ráð fyrir 0,25 prósentu lækkun í júní og 0,50 prósentu lækkun á seinni helmingi ársins. Í kjölfarið spáum við að stýrivöxtum verði haldið í 3,25% út árið 2020 en taki að hækka að nýju á árinu 2021 samfara batnandi efnahagshorfum.


Langtímanafnvextir eru nú u.þ.b. 4,0% og langtímaraunvextir rétt rúmt 1,0%. Við gerum ráð fyrir að langtímanafnvextir muni lækka frekar á næstunni en bæði nafnvextir og raunvextir muni hækka lítillega á seinni hluta spátímans.

Spáum við því að langtímanafnvextir verði í kringum 4,3% og raunvextir nærri 1,3% undir lok spátímans. Langtímaverðbólguálag mun samkvæmt því haldast svipað og það er nú (3,0%) eftir umtalsverða lækkun frá áramótum.

### Verðbólga og stýrivextir



### Vextir





## Verður niðursveiflan þungbærari?

Nokkrir áhættuþættir



### Kjarasamningar:

Verðbólguþrýstingur þegar frá líður. Fellir rauða vaxtastrikið samningana?



### Útlönd:

Líkur á efnahagssamdrætti meðal iðnríkja hafa aukist. Viðskiptastríð og hart Brexit voða enn yfir alþjóðahagkerfinu.



### Ferðaþjónustan:

Hversu langvinnur verður skellurinn vegna falls WOW og kyrrsetningar MAX-véla? Dugar veiking krónu til að endurglæða áhuga Evrópumanna á landinu?



**Íbúðamarkaður:** Verður framboðið „of mikið of seint“ á sama tíma og bein og óbein áhrif frá ferðaþjónustu draga úr eftirspurn?



### Krónan:

Dýpri samdráttur í útflutningi gæti kallað á veikingu, sér í lagi ef áhugi erlendra fjárfesta minnkar aftur.



# Hvað mildar höggið?

## Efnahagsreikningar þjóðarbúsins mun heilbrigðari en áður

Góðu heilli eru möguleikar Íslendinga til að takast á við mótbyr í efnahagslífinu talsverðir. Þar skiptir mestu að skuldsetning í hagkerfinu er almennt mun hóflegri og heilbrigðari en verið hefur. Gildir það bæði um innlenda skuldsetningu og eins um ytri efnahagsreikning þjóðarbúsins.

Veruleg afskuldun heimila og fyrirtækja á árunum 2010–2016 hefur aukið fjárhagslegan viðnámsþrótt þessara aðila og minnkar líkur á vanskilum og gjaldþrotum þótt á móti blási tímabundið.


Þá hefur hið opinbera verulega burði til þess að veða gegn samdrætti í fjárfestingu atvinnuvega með innspýtingu í innviða-fjárfestingu í ljósi sterkari skuldastöðu og aðgangs að ódýrara fjármagni.

Síðast en ekki síst felur jákvæð hrein erlend eignastaða Íslands og hófleg erlend skuldsetning í sér að hætta á fjármagnsflotta með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á gengi krónu, verðbólgu og kaupmátt er miklu minni en verið hefur síðustu áratugin.

Myndarlegur gjaldeyrisforði, hófleg verðbólguáhrif af gengislækkun krónu á árinu 2018 og tiltölulega skynsamleg lending nýlegra kjarasamninga hafa líka orðið til þess að svigrúm Seðlabankans til að slaka á peningalegu aðhaldi er allt annað og betra en verið hefur við lok fyrri hagsveiflna.


### Skuldir heimila

% af VLF




### Erlend staða þjóðarbúsins

% af VLF




### Skuldir fyrirtækja

% af VLF



### Skuldir ríkissjóðs

% af VLF





# Yfirlit þjóðhagsspár

## Landsframleiðsla og undirliðir

Magnbreytingar frá fyrra ári %	Árið 2018 í m.kr.	2018	Spá 2019	Spá 2020	Spá 2021
Einkaneysla	1.422.183	4,8	2,2	2,3	2,8
Samneysla	660.529	3,3	2,4	2,3	2,2
Fjármunamyndun	623.094	2,1	-4,8	3,6	4,6
Þ.a. atvinnuvegafjárfesting	398.203	-5,4	-12,1	1,9	4,0
Þ.a. íbúðarhús	121.323	16,6	12,0	7,0	5,0
Þ.a. fjárfesting hins opinbera	103.568	21,1	3,5	5,0	6,0
Birgðabreytingar	10.726	1,0	0,0	0,0	0,0
Þjóðarútgjöld, alls	2.716.531	4,1	0,2	2,6	3,0
Útflutningur vöru og þjónustu	1.323.358	1,6	-5,4	0,4	2,7
Þ.a. útflutningur sjávarafurða	239.741	11,8	-4,7	1,8	1,8
Þ.a. afurðir álvinnslu	230.132	-1,4	0,8	0,7	0,8
Þ.a. annar vöruútflutningur	144.807	10,9	6,4	-4,4	1,2
Þ.a. útflutningur þjónustu	708.679	0,1	-10,0	1,0	4,0
Innflutningur vöru og þjónustu	1.236.841	0,1	-3,6	2,8	3,5
Þ.a. innflutningur vöru	773.879	-4,0	-2,1	3,4	4,0
Þ.a. innflutningur þjónustu	462.962	7,3	-6,2	1,9	2,7
<b>Verg landsframleiðsla</b>	<b>2.803.049</b>	<b>4,6</b>	<b>-0,7</b>	<b>1,5</b>	<b>2,7</b>





# Yfirlit þjóðhagsspár

## Aðrar efnahagsstærðir

		2018	Spá 2019	Spá 2020	Spá 2021
<i>Sem % af VLF</i>					
Fjármunamyndun		22,2	22,2	22,7	23,3
Viðskiptajöfnuður		2,9	1,5	0,4	0,2
Vöru/þjónustujöfnuður		3,1	1,6	0,5	0,3
<i>Breyting milli ársmeðaltala (%)</i>					
Neysluverð		2,7	3,2	2,9	2,9
Laun		6,5	5,0	5,3	5,6
Íbúðaverð		8,0	3,5	3,0	3,0
Meðalgengi erlendra gjaldmiðla		4,0	7,9	0,1	0,0
Raugengi krónunnar m.v. verðlag		-3,0	-6,6	0,8	0,9
Kaupmáttur launa		3,7	1,7	2,3	2,6
<i>Ársmeðaltal (%)</i>					
Atvinnuleysi (könnun Hagstofu)		3,0	3,6	3,9	3,7
Gengisvísitala krónunnar		166,7	179,8	180,0	180,0
Stýrivextir SBÍ (7 d bundin innlán)		4,3	3,9	3,3	3,6
Langtímanafnvextir (RIKB 25)		5,4	4,5	4,1	4,3
Langtímaraunvextir (HFF 44)		1,8	1,0	1,1	1,3



# Lagalegur fyrirvari

Skýrsla þessi er tekin saman af Greiningu Íslandsbanka hf. Upplýsingar í skýrslunni eru upprunnar frá innlendum og erlendum upplýsinga- og fréttaveitum, sem taldar eru áreiðanlegar, ásamt opinberum upplýsingum, eigin úrvinnslu Greiningar og mati á hverjum tíma. Upplýsingarnar hafa ekki verið kannaðar sjálfstætt af Íslandsbanka og ábyrgist bankinn ekki nákvæmni þeirra, áreiðanleika eða réttmæti. Skoðanir höfunda geta breyst án fyrirvara og ber Íslandsbanka ekki skylda til að uppfæra, lagfæra eða breyta skýrslunni við breyttar forsendur.

Skýrslan er einungis birt í upplýsingaskyni og skal því ekki lítið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum. Íslandsbanki og starfsmenn bankans bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem kunna að vera gerð á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í skýrslunni. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðleggingar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingarkosti sem í boði eru. Fjárfestingum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflökts gjaldmiðla. Fjárfestingamarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta er mismunandi. Bent skal á að árangur í fortíð er ekki trygging um árangur í framtíð.

Skýrslur og aðrar upplýsingar sem berast frá Íslandsbanka eru einungis ætlaðar til einkanota.

Hvorki má afrita efnið, vitna í það né dreifa því, í heild eða að hluta, án skriflegs leyfis frá Íslandsbanka.

Skýrsla þessi er stutt samantekt og ber ekki að líta svo á að í henni sé að finna allar tiltækar upplýsingar um þau viðfangsefni sem hún fjallar um.

Eftirlitsaðili: Fjármálaeftirlitið ([www.fme.is](http://www.fme.is)).

## **Bandaríkin**

Skýrsla þessari eða afritum hennar má ekki dreifa í Bandaríkjunum eða til viðtakenda sem eru bandarískir ríkisborgarar í andstöðu við takmarkanir sem kveðið er á um í bandarískum lögum. Dreifing skýrslunnar í Bandaríkjunum kynni að teljast brot á þeim lögum.

## **Kanada**

Upplýsingarnar í skýrslu þessari eru ekki ætlaðar til dreifingar eða útbreiðslu með neinum hætti í Kanada og því ber ekki að líta á þær sem fjármálaráðgjöf eða ráðleggingu um fjárfestingar í skilningi kanadískra verðbréfalaga.

## **Önnur lönd**

Lög og reglugerðir í öðrum löndum kunna einnig að takmarka dreifingu skýrslu þessarar.

Frekari upplýsingar varðandi efni Greiningar Íslandsbanka má finna á vefsíðunni: [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is)